

Fyrirspurn

til innviðaráðherra um umferðartafir og hagvöxt.

Frá Njáli Trausta Friðbertssyni.

- Hvert hefur samhengi hagvaxtar og aukningar á umferð verið samkvæmt mælingum Vegagerðarinnar undanfarna tvo áratugi?
- Hver var umferðin síðasta ár samkvæmt mælingum Vegagerðarinnar og hver var hlutdeild almenningssamgangna í umferðinni á því ári?
- Hve mikið mun umferð hafa vaxið árin 2034 og 2040 ef hagvöxtur á mann heldur áfram eins og verið hefur?
- Hve miklar eru umferðartafir á höfuðborgarsvæðinu, hver er hlutdeild almenningssamgangna nú í þessum tölum og hve miklar verða þær árin 2034 og 2040 samkvæmt umferðarlíkani annars vegar og gervihnattamælingum hins vegar?
- Hver er áætlaður uppsafnaður þjóðhagslegur kostnaður af þessum umferðartölum, annars vegar samkvæmt umferðarlíkani og hins vegar samkvæmt gervihnattamælingum? Hve mikil áhrif hefur sá kostnaður á uppsafnaðan hagvöxt fram til ársins 2034?

Skriflegt svar óskast.